

Ríkissaksóknari

Fyrirmæli

Útgáfudagur:

Gildistaka:

RS: 11/2017

25. janúar 2017

25. janúar 2017

Kemur í stað RS: 3/2014

Efni: Ákvörðun um að vísa frá kæru, hætta rannsókn eða fella mál niður.

I. Ákvörðun um að vísa frá kæru:

1. másl. 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála (sml.):

Lögregla vísar frá kæru um brot ef ekki þykja efni til að hefja rannsókn út af henni.

Rannsókn hefst ekki í máli.

Heimildin á við ef sýnt þykir að kæra á ekki við rök að styðjast, svo sem ef ekki er um refsiverða háttsemi að ræða, sök er fyrnd o.fl. Ef tilkynnandi mætir á lögreglustöð skal að jafnaði taka skýrslu af honum og gefa máli málsnúmer. Þyki kæra fjarstæðukennd, s.s. vegna ástands kæranda, nægir upplýsingaskýrsla eða rafræn skrá í dagbók (LÖKE) um mætingu tilkynnanda á lögreglustöð og frásögn um meint afbrot. Berist kæra bréflaga skal skrá erindið með viðeigandi hætti.

Lögregla tekur ákvörðun um að vísa frá kæru. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut eiga að máli kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin, sbr. lokamálslið 4. mgr. 52. gr. sml. Heimildin tekur jafnt til mála sem heyra undir ákærvald ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjóra.

Tilkynna skal þeim sem hagsmuna hafa að gæta um ákvörðun og leiðbeina um kæruheimild og kærufrest til ríkissaksóknara, sbr. 5. mgr. 52. gr. sml. Tilkynningu skal senda í A-pósti og skal þess gætt að afrit af tilkynningu sé jafnframt sent til lögmanns viðkomandi ef það á við. Skráning á lokaferli í málaskrá (Löke) skal fara fram sem næst þeim tíma þegar ákvörðun er tekin og tilkynning er send út.

Lögreglu er skylt, ef þess er óskað, að rökstyðja í stuttu máli ákvörðun, sbr. 8. mgr. 52. gr. sml. Ávallt er heimilt að veita rökstuðning samhliða tilkynningu. Nú er kæru vísað frá og sakarefni í máli varðar meint brot gegn XXII. almennra hegningarlaga og skal þá röstuðningur vera samhliða tilkynningu. Hið sama á við ef um er að ræða mál og sakarefni í því varðar meint brot starfsmanns lögreglu gegn XIV. kafla sömu laga.

II. Ákvörðun um að hætta rannsókn:

2. málsli. 4. mgr. 52. gr. sml.:

Sé rannsókn hafin getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram, svo sem ef í ljós kemur að kæra hefur ekki verið á rökum reist eða brot er smávægilegt og fyrirsjáanlegt er að rannsóknin muni hafa í för með sér óeðlilega mikla fyrirhöfn og kostnað.

Skilyrði hér er að **rannsókn sé hafin**. Með því er meðal annars átt við að kæra hafi verið nánar yfirfarin með hliðsjón af tiltækum gögnum, öðrum rannsóknarathöfnum og eftir atvikum skýrslutökum.

Hér má í fyrsta lagi hætta rannsókn teljist **ekki grundvöllur** fyrir áframhaldandi rannsókn. Ákvæðið er matskennt og ekki tæmandi. Í dæmaskyni er tilgreint að heimildin geti átt við, ef í ljós kemur að kæra reynist ekki á rökum reist. Um það atriði má vísa að hluta til I. liðar. Til viðbótar má nefna að ekki sé vitað hver sakborningur er, eða atvik máls þykja með þeim hætti að frekari rannsókn sé ekki talin líkleg til að bæta þar úr svo sem óskýrir eða misvísandi framburðir. Þá kann að vera að ekki þjóni tilgangi að taka skýrslur af fleiri vitnum, þótt til staðar séu, enda þyki sýnt af gögnum málsins að það upplýsist ekki frekar.

Í öðru lagi má hætta rannsókn ef brot er **smávægilegt og fyrirsjáanlegt** að rannsókn muni hafa í för með sér **óeðlilega mikla fyrirhöfn og kostnað**. Hér verður að leggja til grundvallar að brot teljist smávægilegt með hliðsjón af broti og ætluðu umfangi rannsóknar. Þannig verður að meta heildstætt alla efnisþætti ákvæðisins.

Mat á því hvort brot teljist **smávægilegt** ræðst m.a. af fjárverðmæti þýfis, eignatjóni og/eða öðrum afleiðingum brots. Brot þar sem líkleg viðurlög væri fangelsi eða há fésekt kæmi þannig ekki til álita hér. Sakaferill kemur einnig til skoðunar í þessu sambandi svo sem síbrotamenn.

Við mat á því hvað teljist **óeðlileg fyrirhöfn og kostnaður** þarf að skoða væntanlega framhaldsrannsókn, svo sem fjölda áætlaðra yfirheyrslna, umfang tæknirannsóknar, umfang gagnaöflunar og úrvinnslu gagna, ferðalög með tilliti til staðsetningu vitna eða annarra rannsóknarathafna, samskipti við útlönd eða hvort þörf sé á aðstoð utan- aðkomandi sérfræðinga.

Lögregla tekur ákvörðun um að hætta rannsókn. Heimildin tekur jafnt til mála sem heyra undir ákærvald ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjóra. Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut eiga að máli kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin, sbr. lokamálslið 4. mgr. 52. gr. sml.

Skylt er að tilkynna um ákvörðun kæranda, sakborningi, brotþola og öðrum þeim sem hagsmuna hafa að gæta, og jafnframt leiðbeina þeim um kærheimild og kærufrest til ríkissaksóknara, sbr. 5. mgr. 52. gr. sml. Tilkynningu skal senda í A-pósti og skal þess gætt að afrit af tilkynningu sé jafnframt sent til lögmanns viðkomandi ef það á við. Skráning á lokaferli í málaskrá (Löke) skal fara fram sem næst þeim tíma þegar ákvörðun er tekin og tilkynning er send út.

Lögreglu er skylt, ef þess er óskað, að rökstyðja í stuttu máli ákvörðun, sbr. 8. mgr. 52. gr. sml. Ávallt er heimilt að veita rökstuðning samhliða tilkynningu. Nú er rann-

sókn hætt og sakarefni í máli varðar meint brot gegn XXII. almennra hegningarlaga og skal þá röstuðningur vera samhliða tilkynningu. Hið sama á við ef um er að ræða mál og sakarefni í því varðar meint brot starfsmanns lögreglu gegn XIV. kafla sömu laga.

III. Ákvörðun um að fella mál niður:

1. mgr. 57. gr. laga um meðferð sakamála:

Nú telur lögregla að rannsókn sé lokið og gögn komin fram sem geti leitt til saksóknar og sendir hún ákæranda þá rannsóknargögnin, nema lögreglustjóri megi sjálfur höfða mál skv. 1. og 4. mgr. 24. gr.

145. gr. laga um meðferð sakamála:

Þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi skv. 152. gr., sbr. þó 146. gr.

Rannsókn hefur farið fram og telst lokið í skilningi ákvæðanna. Ákærandi tekur ákvörðun um að fella mál niður í samræmi við málshöfðunarheimild, mati á sönnun og eða lagaatriðum. Teljist rannsókn ekki lokið verður mál ekki felld niður á grundvelli 145. gr. sml.

Ekki er skylt að gefa þeim sem hlut eiga að máli kost á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin, sbr. 1. málslíð 1. mgr. 147. gr. sml.

Skylt er að tilkynna um ákvörðun, sakborningi og brotþola, enda liggi fyrir hver hann er, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 147. gr. sml. Sé ákvörðun kæránleg skal leiðbeina um kærueimild og kærufrest til ríkissaksóknara, sbr. almennar reglur stjórnisýsluréttar. Tilkynningu skal senda í A-pósti og skal þess gætt að afrit af tilkynningu sé jafnframt sent til lögmanns viðkomandi ef það á við. Skráning á lokaferli í málaskrá (Löke) skal fara fram sem næst þeim tíma þegar ákvörðun er tekin og tilkynning er send út.

Héraðssaksóknara og lögreglustjóra er skylt að rökstyðja í stuttu máli ákvörðun um að fella mál niður sé þess óskað. Ávallt er heimilt að veita rökstuðning samhliða tilkynningu. Nú er mál felld niður og sakarefni í því varðar meint brot gegn XXII. almennra hegningarlaga og skal þá röstuðningur vera samhliða tilkynningu. Hið sama á við ef um er að ræða mál og sakarefni í því varðar meint brot starfsmanns lögreglu gegn XIV. kafla sömu laga.

IV. Skráning í málaskrá og haldlagðir munir:

Við lokaafgreiðslu máls skal yfirfara skráningu máls í málaskrá (LÖKE) og gæta þess sérstaklega að brotaflokkar og sakborningar séu rétt skráðir. Við lokaafgreiðslu máls skal lögreglustjóri eða héraðssaksóknari gæta þess að aflétta haldlagningu muna, eftir því sem við á, sbr. 1. og 2. mgr. 72. gr. sml. Lögreglustjóri sem hefur farið með rannsókn máls annast framkvæmd þess að aflétta haldlagningu, þar með talið úrvinnslu á því hverjum ber að afhenda muni eftir haldlagningu.

V. Kærðar ákvarðanir til ríkissaksóknara:

Lögreglustjóri eða héraðssaksóknari skal senda ríkissaksóknara afrit rannsóknargagna eigi síðar en innan tveggja vikna frá því beiðni um gögn berst frá ríkissaksóknara nema annað sé ákveðið af ríkissaksóknara.

Lögreglustjóri eða héraðssaksóknari skal samhliða veita ríkissaksóknara skýringar um hvaða megin sjónarmið og rannsóknargögn voru einkum lögð til grundvallar hinni kærðu ákvörðun, auk athugasemda vegna kærunnar eftir því sem við á. Hafi ákvörðun verið rökstudd þegar tilkynning um niðurfellingu var send út eða síðar þá nægir almennt að vísa til þess rökstuðnings.

Lögreglustjóra eða héraðssaksóknara er ávallt skylt að veita ríkissaksóknara aðrar upplýsingar vegna meðferðar máls á kærustigi ef ríkissaksóknari telur þess þörf.

Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknari